

Hátíðasamkoma DKG 18. mars 2011: Samlíðunin með Ástu Sóllilju á jörðinni

[Þórunn Blöndal](#) skrifaði þann 6. apríl 2011 kl. 13:47

Ágætu Delta Kappa Gamma systur – gleðilega hátíð.

Við lifum á skrýtnum tímum. Undanfarið höfum við fylgst með afleiðingum jarðskjálfta, stærri en þeim sem áður hafa mælst og öðrum náttúruhamförum sem lagt hafa venjubundið líf fólks í rúst. Við höfum séð einræðisherrum steipt af stóli eftir uppreisn alþýðufólks sem reis upp gegn kúgun og misrétti. Við fylgjumst með fréttum af ótrúlegri spillingu hér innanlands og undrumst forherðingu þeirra sem tóku þátt í henni. Fréttir af þessu öllu fáum við inn í stofu til okkar – stutt myndbrot og yfirborðslega umfjöllun sem segir einhvern sannleika eða sannleika einhverra því sjaldnast er sannleikurinn einn þegar rætt er um stóra og flókna atburði. Og kannski eru allir tímar skrýtnir ef út í það er farið.

Ýmsar listgreinar geta hjálpað okkur til að skilja sjálf okkur, umhverfi okkar og annað fólk, ekki síst bókmenntir og kvikmyndir. Og við þekkjum allar að persónur úr bókmenntum geta orðið okkur svo nákomnar að við sjáum drætti úr þeim í lifandi fólki sem á vegi okkar verður; þykjumst t.d. sjá Bjart í Sumarhúsum í einhverjum samferðamanna okkar – ég sé hann reyndar í ansi mörgum Íslendingum og hann er alltaf í sjálfskipaðri stjórnarandstöðu – fyrsta orðið sem hann segir í *Sjálfstæðu fólki* er „nei“ og hann segir það þrjósulega og gefur með því tóninn um framhaldið. Ásta Sóllilja í *Sjálfstæðu fólki* er persóna sem höfundurinn, Halldór Laxness, hefur augljóslega lagt mikla alúð við og gert að mörgu leyti ógleymanlega. Og einhvern veginn vildi það til að Ásta Sóllilja settist að í mínu hugskoti þegar ég fór að hugsa um hvað ég ætti að segja við ykkur hér í kvöld. Kannski af því hún var manneskja – kona – og það er ekki alltaf einfalt.

Við erum hérna margar kynsystur Ástu Sóllilju – einsleitur hópur, konur í uppeldis- og fræðslustörfum, hér eru konur sem hafa haft tækifæri til að mennta sig og uppfræða aðra. Það er dýrmætt að tilheyra hóp – hughreystandi á erfiðum tímum að finna að maður er hluti af stærri heild – þroskandi að finna að þrátt fyrir allt erum við bara einn hlekkur í keðju – hver og ein okkar er mikilvæg þar sem hún er.

Þessi tilfinning er ekki alltaf skýr – stundum ekki eins skýr og sú tilfinning sem líka er fullkomlega eðlileg – að maðurinn sé alltaf einn – og að hver og einn sé einstakur og sjálfum sér næstur. Við sem hér erum í kvöld eigum margt sameiginlegt en við erum líka einstakar, hver um sig, og á sama hátt er engin okkar einhliða og alltaf eins. Við eigum margar hliðar sem við snúum að ólíku fólki, við ólíkar aðstæður, og sumum hliðum okkar viljum við svolítið halda fyrir okkur.

Ásta Sóllilja er ekki einhliða persóna. Hún er framan af bók ósköp dæmigerður unglingur. Hún á erfitt með að vakna á morgnana og er seinust allra í háttinn.

„Hún var eitthvað að dóta sig utarvið maskínu frameftir öllu: þegar hún var búin að þvo úr plöggum og gera við þau, þá þó hún sjálfa sig og gerði við sig; hún var komin á hárgreiðudurinn. Stundum hitaði hún sér vatn og þó sér fætuna og uppfyrir hné, og hálsinn, og svolítið niður á bakið; brjóstið; ..., það kemur upp þessi vatnsnáttúra í kvenkyninu á sérstökum aldri og stendur í nokkur ár, það er æskan ... svo hætta þær að þvo sér eftir nokkur ár, þegar þær fara að eiga börnin...“

Það er Bjartur, pabbi hennar sem á þessar hugrenningar.

„Og hann horfir á vanga hennar í skímu kolunnar og hefur að vísu ekki grun um það sem stríðir á sál hennar, en samt, hann sér það er vinstri vangi, hennar vinstri sál, þessi gamalóánægða hrelða sál sem er þúsund sinnum eldri en stúlkan sjálf, annarrar aldar sál með skökku grályndu augnaráði, brotasömum þrá, og dráttum sem minna á svardaga og heift, og hin undna neðrivör, sem er svo þokkarík í línunni hægramegin frá, hægmeigin er hún eins og gretta, það er fráleitt að þetta geti verið fimmtán vetra barn, það er eins og liggi í þessu eitthvert fullkomið tap, jafnvel sjónleysi, og samt í einhverri haturfullri sátt við sinn eigin heim, án kröfu til annars betra, gætt þeim bölmóði sem skynjar allar óheillir og þolir það –“ (bls. 304–305).

Þetta var vinstri vanginn. Hægri vangi Ástu Sóllilju er með öðru móti.

„Hún hafði þesskonar hægri vanga sem eingar tvær stundir dagsins var allaðeina, hugsanir hans víxluðust milli kvíða og eftirvæntingar líktog sumarhiminn landsins með sínum lifandi veðrum, sínum hvikulu sólskinsblettum; og skuggum sem líða yfir. Slíkur vangi er í raun og veru ein lifandi kvika, hjálparvana í sinni ofurskynjan hins ytra og innra. Það var einsog lífstaug hans sé nakin, líkaminn allur ein óslitin sál, sem þolir ekki hið illa, og mætir kannski aldrei öðru en því, það er eftirvæntingin sem bjargar slíkri sál, aldrei gleðin sjálf. Hvar væri þessi stúlka ef hún hefði ekki vandan vinstri vanga til að hjálpa sér?“ (bls. 333).

Mín trú er sú að á hverri og einni okkar megi finna svipaða drætti þótt ekki beri að skilja það bókstaflega; að við höfum allar vangasvip trúar, vonar og bjartsýni annars vegar og hins vegar vanga vonleysis, kvíða og svartsýni. Enginn fer í gegnum lífið án áfalla og ekki rætast allar óskir. Og fáir eru ósnortnir af öllu því sem á gengur í henni veröld.

Ásta Sóllilja var ein af okkur – eða kannski er hægt að segja að við, þessi hópur sem hér er staddur, sé hluti af Ástum Sólliljum þessa heims. Og Ásta Sóllilja var eins og aðrar manneskjur, flókin og margbrotin eins og Nonni bróðir hennar komst að:

„Hann hafði hlustað á hana þegja allt vorið síðan kennarinn fór, um páska. En hann vissi ekki að hún gréti, fyren einn dag. Það var sunnudagur. Það var liðið að kvöldi. Hann sér heimanfrá bænum hvar hún liggur uppí hvammi. Hann gekk til hennar. Hún hreyfði sig ekki, því hún varð ekki vör við að neinn væri að koma. En þegar hann kom nær sá hann að herðar hennar skulfu. Hún grét niðri jörðina. Hann vissi vel að hún var lítilfjörlegri vera en þeir bræðurnir, þótt hún væri stóra systir, og kendi strax í brjósti um hana. Sjálfur grét hann sjaldnar og sjaldnar, hann hafði ekki grátið síðan í fyrrasumar, hann var bráðum orðinn stór. Að lokum nefndi hann nafn hennar. Hún hrökk við, settist upp flötum beinum, og þurrkaði af sér tárin með kjölfaldinum sínum. En það komu bara fleiri og fleiri tár.

— Af hverju ertu að skæla? spyr hann.

— Ekki af neinu, svarar hún og sýgur upp í nefið.

— Hefurðu mist eitthvað? segir hann.

— Já, segir hún.

— Hvað?

— Ekki neitt.

— Þú skalt ekki skæla, segir hann.

— Ég er ekkert að skæla, segir hún, og heldur áfram að skæla.

— Hefur hann pabbi verið vondur við þig?

— Já.

— Hvað sagði hann?

— Ekki neitt.

— Barði hann þig?

— Já, einu sinni. Fyrir laungu. En það er svo langt síðan. Það gerði ekkert til. Ég er búin að gleyma því. Nei, hann barði mig ekki neitt.

— Lángar þig þá að fá eitthvað? spyr hann.

Og hún svarar næstum því gráðugt, og tekur um leið andann á lofti:

— Já, - og grætur enn ákafara en nokkrusinni fyr.

— Hvað? spyr hann.

— Ég veit það ekki, grét hún í örvæntingu.

— Þér er alveg óhætt að segja mér það, Sóla mín. Kannski get ég útvegað þér það þegar ég er orðinn stór.

— Þú skilur það ekki. Þú ert svo lítill. Það skilur það einginn. Ég skil það ekki sjálf, - dag og nótt.

— Er það vegna þess hvernig þú ert sköpuð? hvíslaði hann þá fullur hluttekningar í vitund þess að ræðan var að berast að innilegustu trúnaðarmálum mannlíkamans, sem annars er aldrei síður að minnast á; kannski var það ekki rétt, en hann vissi ekki fyren það var dottið uppúr honum.

— Já, andvarpaði hún eftir nokkra umhugsun, óhuggandi.

— Það gerir ekkert til, Sóla mín, hvíslaði hann þá, fastráðinn að hugga hana, og klappaði henni á kinnina. Það þarf einginn að vita það. Ég segi það ekki neinum. Ég skal biðja Gvend að segja það ekki neinum.

...Þá spurði hann altíeinu:

— Hvers óskaðirðu þér í vetur, Sóla, þegar kennarinn gaf okkur ósk?

Hún horfði fyrst prófandi á hann, og augu hennar sýndust skjálgari en ella vegna grátsins, svo lét hún augnlokin síga og byrjaði að reyta upp gras úr sverðinum, - þú mátt aungvum segja það, sagði hún.

— Nei, ég skal aldrei segja það neinum. Hvað var það þá?

— Það var ástin, sagði hún, og þá losnaði grátur hennar aftur úr böndum, og hún endurtók í örvæntingu upp aftur og aftur í miðjum ekknum: ástin, ástin, ástin.

— Hvernig þá? spurði hann.

Þá kastaði hún sér aftur á grúfu niðrá jörðina og axlir hennar fóru aftur að skjálfa af ekka einsog þegar hann kom að henni áðan, og hún kveinaði:

— Ég vildi að ég gæti dáíð. Dáið. Dáið.

Hann vissi ekkert hvað hann átti að segja andspænis þessari sorg, heldur sat þögull við hlið systur sinnar í vorgrænkunni, of úngrar; og hinir duldu streingir í brjósti honum byrjuðu að titra, og óma.

Það var í fyrsta sinn sem hann sá inní völundarhús mannsálarinnar. Því fór fjarri að hann skildi það. En það sem meira var: hann leið með henni. Laungu laungu seinna endurlifði hann þessa minningu í saung; bæði í sínum fegursta saung, og í fegursta saung heimsins. Því skilningurinn á umkomuleysi sálarinnar, á baráttunni milli tveggja skauta, það er ekki uppspretta hins æðsta saungs. Samlíðunin er uppspretta hins æðsta saungs. Samlíðunin með Ástu Sóllilju á jörðinni“ (bls. 387–389).

Samlíðun ætti að vera lykilorð í öllu mannlegu atferli – *samlíðun* eða *samlíðan*, *meðlíðan*, *samkennd* eða hvaða orð við kjósum að nota. Það var þessi tilfinning sem Nonni litli skynjaði þegar hann varð vitni að sorg systur sinnar – en hann skildi ekki fyrir en síðar hvað þessi tilfinning fól í sér.

Íslenskt samfélag varð fyrir áfalli sem að stóru leyti má rekja til skorts á samlíðun – vanhæfni til að setja sig í spor annarra – getuleysi til að hugsa út fyrir naflann á sjálfum sér. Samfélög víða um heim hafa orðið fyrir miklu alvarlegri áföllum sem hafa lagt heimili þegna þeirra og líf í rúst. Okkar hlutverk í Delta Kappa Gamma er að styðja og styrkja menntunarþyrstar Ástur Sólliljur hvar sem þær er að finna – og setja okkur í spor þeirra sem þurfa að hafa meira fyrir því að afla sér menntunar en við höfum flestar hverjar þurft. Í mínum huga er samasemmerki milli samlíðunar og mennsku – það að vera manneskja er að geta bæði glaðst og fundið til með öðrum manneskjum, meðleigjendum okkar á þessari jörð.

Góða skemmtun í kvöld, kæru systur.